

Aðalfundur Foreldrafélags Sunnulækjarskóla

20. september 2022

Kaffistofa kennara í Sunnulækjarskóla

Kl. 20:00

Fundarstjóri: Ragna Guðný Magnúsdóttir

Skýrsla stjórnar skólaárið 2021-2022

Aðalfundur foreldrafélags Sunnulækjarskóla var haldinn þann 5. október 2021 á kaffistofu kennara í Sunnulækjarskóla, fundinum stýrði Kristín Guðlaug, aðstoðarskólalastjóri. Á aðalfundinum var kosið í nýja stjórn fyrir skólaárið 2021-2022, tveir stjórnarmeðlimir gáfu ekki kost á sér áfram og einn nýr meðlimur gaf kost á sér í stjórn félagsins.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar fyrir skólaárið 2021-2022 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn félagsins:

Formaður: Jódís Ásta Gísladóttir

Gjaldkeri: Halla Marinósdóttir

Ritari: Heiðrún Erna Hlöðversdóttir

Meðstjórnendur: Birna Eik Benediktsdóttir og Lillý Ásrún Birkisdóttir

Stjórnin fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði, þegar ekki var hægt að funda með venjubundnum hætti, var fundað í fjarfundarbúnaði.

- Foreldrafélagið byrjaði starfsárið á því að afhenda nemendum í 1. bekk skólans endurskinsvesti, merkt með nafni nemandans. Foreldrafélagið fékk lögregluna í lið með sér og mættu tvær ungar lögreglukonur og ræddu við börnin um öryggi í umferðinni. Vestin og gestirnir vöktu mikla lukku hjá börnunum.
- Foreldrafélagið starfaði í samstarfi við Samborg, samstarfsvettvang foreldrafélaganna með það í huga að samræma hugmyndir og skipulag vetrarins. Eins og í fyrra voru opnir fyrirlestrar á vegum Samborgar á Teams.

Eftirfarandi fyrirlestrar voru haldnir á vegum Samborgar skólaárið 2020-2021:

- 30. nóvember var Theodór Francis Birgisson, klínískur félagsráðgjafi, með fyrirlestur um fjölskyldulífið og mikilvægi samverustunda.
- 17. janúar var fyrirlestur frá Samtökunum 78 í tilefni Hinsegin vikunnar sem haldin var í sveitarfélaginu í fyrsta sinn.

- Þann 27. maí fóru fram Bíódagar á unglíngastígi Sunnulékjarskóla en dagarnir voru afrakstur af stuttmyndavínnu nemenda í Kvíku. Myndirnar voru sýndar í Bíóhúsinu á Selfossi og styrkti foreldrafélag skólans verkefnið um 150.000 kr.
- Foreldrafélagið styrkti, líkt og áður, ferðasjóð 10. bekkjar skólans fyrir útskriftarferð sem farin var sl. vor. Styrkurinn í ár nam 100.000 kr.
- 27. maí afhenti stjórn foreldrafélagsins skólanum styrk upp á 250.000 kr til kaupa á spilum og afþreyingu fyrir nemendur sem lið í að minnka símanotkun og auka félagsfærni barnanna. Á sama tíma fékk Setrið styrk frá foreldrafélaginu upp á 100.000 kr til kaupa á tækjum og tólum til þjálfunar og skynörvunar.
- Ekki tókst að koma tenglastarfi í bekkjardeildum aftur af stað á þessu skólaári þrátt fyrir hvatningu foreldrafélagsins og hækkun tenglastyrkjar um helming, en við bindum miklar vonir við að foreldrar komi af krafti inn í foreldrastarfið á þessu skólaári.

Fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Sunnulékjarskóla þakka ég foreldrum, starfsfólki skólans og nemendum fyrir gott samstarf á liðnu skólaári. Ég hvet foreldra til þess að vera virkir þátttakendur í foreldrastarfi skólans, hvort sem það er á vegum foreldrafélagsins eða innan bekkjardeildanna.

Fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Sunnulékjarskóla

Jódís Ásta Gísladóttir

Formaður Foreldrafélag Sunnulékjarskóla skólaárin 2021-2022.